

Atriði til umhugsunar

við mótun stefnu fyrir Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði 2025-2036

Hér á eftir verða taldar upp nokkrar áskoranir sem blasa við í úrgangsmálum í Sveitarfélaginu Hornafirði og settar fram spurningar og vangaveltur sem e.t.v. mætti leggja til grundvallar í stefnumótun. Áskoranirnar eru settar fram sem aðalfyrirsagnir og spurningar og vangaveltur sem undirfyrirsagnir þar undir.

1 Endurvinnsluhlutfall heimilísúrgangs er aðeins um 45%

1.1 Aukin endurvinnsla heimilísúrgangs

- Hvað þarf til að ná markmiðum um 55% endurvinnsluhlutfall 2025, 60% 2030 og 65% 2035 (sjá einnig spurningar undir öðrum áskorunum)?

2 Um 54% af öllum heimilísúrgangi eru urðaður

2.1 <10% urðun heimilísúrgangs 2035

- Hversu stór tækifæri liggja í bættri flokkun heimilísúrgangs (frá heimilum og fyrirtækjum) miðað við núverandi samsetningu?
- Er raunhæft að senda allan blandaðan úrgang til orkuvinnslu eftir að öllum endurvinnanlegum heimilísúrgangi (og óvirkum úrgangi) hefur verið komið í aðra farvegi?

3 Lífúrgangur er ekki endurunninn

3.1 Söfnun garðaúrgangs

- Á að taka við garðaúrgangi í Gáru og koma honum í endurvinnslufarveg?

3.2 Framtíð jarðgerðar í Lóni

- Er hægt að breyta fyrirkomulaginu í Lóni þannig að öll molta sem þar er framleidd nýtist sem jarðvegsbætir? Ef svarið er „nei“ þarf að finna aðrar leiðir.
- Er hægt að fá afurðina samþykkt af MAST?
- Hvernig er þetta gert í Norður-Noregi, þar sem múgajarðgerð er nokkuð útbreidd?

3.3 Aðrar leiðir til úrvinnslu úr lífúrgangi

- Ætti e.t.v. að breyta söfnunarkerfi lífúrgangs í þéttbýli á þann veg sem þegar er gert í Skeiða- og Gnúpverjahreppi (og er einnig til skoðunar a.m.k. í Húnabyggð og Strandabyggð), þ.e. að íbúar safni lífúrgangi í venjulegar plastfötur sem sveitarfélagið leggur til. Þegar föturnar eru orðnar fullar, eða þegar hentar, koma íbúar fötunum á söfnunarstað(i) sem sveitarfélagið tilgreinir og taka þar tómar fötur í staðinn. Starfsfólk áhaldahúss sækir þá fötur á söfnunarstaðina, t.d. 2-3 sinnum í viku og fer með þær í áhaldahúsið þar sem fyrir er jarðgerðarvél sem getur hitameðhöndlað og jarðgert úrganginn á 24 klst. Í áhaldahúsi væru föturnar tæmdar strax eða í það minnsta fyrir vikulok og innihaldið sett í vélina að undangenginni grófhreinsun til að losna við áberandi aðskotahluti, svo sem hnífapör, plast og stór bein. Sólarhring síðar, eða e.t.v. aðeins á mánudagsmorgnum, er vélin tæmd og það sem úr henni kemur sett í fiskikör eða í önnur hentug ílát til geymslu þangað til efnið er orðið nógu stöðugt til að hægt sé að nýta það sem jarðvegsbæti.
 - Ef rétt er að málum staðið er efnið sem kemur út úr vélinni brúnleitt að lit, þokkalega stöðugt og nær lyktarlaust.
 - Þegar afurðin er tilbúin gætu íbúar sótt sér jarðvegsbæti til eigin nota, þó með fyrirvara um leyfi frá MAST.
 - Eyða þyrfti óvissu um það hvort aðferðin geti talist sérsöfnun í skilningi laga.
 - Ekki þarf stoðefni í jarðgerð af þessu tagi.
 - Garðúrgangur hentar ekki í 24 klst. jarðgerð eins og hér er lýst.

3.4 Heildaráætlun um endurvinnslu lífræns úrgangs

- Er tímabært og mögulegt að vinna heildaráætlun um endurvinnslu lífræns úrgangs sem fellur til í sveitarfélaginu?

4 Dýraleifar eru enn urðaðar í Lóni

4.1 Endalok urðunar dýraleifa

- Hver er skjótvirkasta/hagkvæmasta leiðin til að beina þessu efni í annan farveg en urðun?

4.2 Hækkun móttökugjalds

- Er ekki ástæða til að hækka móttökugjald fyrir dýraleifar á urðunarstaðnum (nú 35 kr./kg), þannig að það verði a.m.k. ekki lægra en gjald fyrir blandaðan/grófan úrgang (nú 52 kr./kg)?

4.3 Söfnun hætt á vegum sveitarfélagsins

- Er ekki eðlilegt að aðkomu sveitarfélagsins að söfnun dýraleifa ljúki í síðasta lagi þegar komið hefur verið upp söfnunarkerfi á landsvísu?

5 Grenndarstöðvar vantar

5.1 Uppsetning grenndarstöðva (í þéttbýli)

- Þarf ekki að setja upp grenndarstöð á Höfn til að auðvelda íbúum að losa sig við a.m.k. glerumbúðir, málmumbúðir og textíl? (Mun vera í vinnslu).
- Er raunhæft að setja líka upp grenndarstöð í Nesjahverfi?

6 Farvegir fyrir textílúrgang eru óljósir

6.1 Farvegir fyrir textílúrgang

- Hvaða lausnir eru raunhæfar fyrir textílúrgang? (Urðun vinnur gegn endurvinnslumarkmiðum fyrir heimilisúrgang).

7 Samþykkt um meðhöndlun úrgangs er úrelt

7.1 Endurskoðun samþykktar

- Vantar ekki ákvæði um skyldu lögaðila til að flokka úrgang með ákveðnum hætti?
- Vantar ekki ákvæði um flokkun og móttöku byggingar- og niðurrifsúrgangs?
- Vantar ekki ákvæði um flokkunarskyldu almennt, um heimajarðgerð og um viðurlög við rangri flokkun?
- Vantar ekki ákvæði í anda PAYT til að mynda grunn fyrir nýja gjaldskrá?

8 Gjaldskrár eru aðeins að hluta í anda PAYT

8.1 Aukið vægi breytilegra gjalda

- Hvaða hluti heildarkostnaðar er borinn uppi af föstum gjöldum pr. fasteignaeiningu?
- Er ástæða til að rukka fast gjald fyrir aðgang að móttökustöð eins og nú er gert, eða er skynsamlegt að fella kostnaðinn alfarið inn í kílóa- (eða rúmmetra-) gjald? (Environice er í samtali við Umhverfisstofnun um þetta – á almennum nótum).
- Er ástæða til að hækka gjald á blandaðan/grófan úrgang á móttökustöð til að búa til aukinn hvata til flokkunar?

8.2 Gjald fyrir söfnun brotajárns og heyrúlluplasts

- Er kostnaður við þessa þjónustu borinn af þeim sem nýta hana, eða er sveitarfélagið e.t.v. að fjármagna þetta að einhverju leyti?

9 Sorpgjöld standa ekki undir kostnaði við málaflokkinn

9.1 Hækkun sorpgjalda

- Málið er í vinnslu

9.2 Lækkun kostnaðar

- Málið er í vinnslu, m.a. með bættri stjórnun og yfirsýn
-

10 Úrgangi er enn fargað á Ægissíðu

10.1 Lokun Ægissíðu

- Er raunhæft að loka fyrir alla úrgangslosun á Ægissíðu? (Staðurinn er ekki með starfsleyfi).
-

11 Kostnaður við sérstaka söfnun er hár

11.1 Tíðni söfnunar

- Er raunhæft að fækka söfnunarferðum úr því að vera á tveggja og fjögurra vikna millibili í 3 og 6 vikur? (Reyndar er ekki fjallað sérstaklega um kostnað við sérstaka söfnun í drögum að svæðisáætlun, en þessi liður vegur almennt þungt í dreifbýlum sveitarfélögum)

11.2 Söfnun lífúrgangs í dreifbýli

- Ætti e.t.v. að sleppa því að bjóða upp á sérsöfnun lífúrgangs í dreifbýli og setja þess í stað ákvæði í *Samþykkt um meðhöndlun úrgangs* um heimajarðgerð í dreifbýli, ásamt ákvæði um viðurlög ef lífúrgangur er settur í ílát fyrir aðra úrgangsflokka, (ílát ekki losuð, aukagjald ...)?
-

12 Flokkun úrgangs frá orlofshúsum er (að öllum líkindum) ábótavant

12.1 Betri flokkun úrgangs frá orlofshúsum

- Hvernig er staðan og hvað þarf að gera? (Þetta er ekki rætt í drögum að svæðisáætlun eins og þau líta út núna (8. nóv. 2024)).

13 Seyra er urðuð

13.1 Nýting seyru til landgræðslu

- Er hægt að nýta seyru til landgræðslu, t.d. að undangenginni kölkun (sjá m.a. fordæmi Hrunamannahrepps og annarra sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu)?
- Er „geymslugryfja fyrir seyru“ við varnargarð Skeiðarár notuð, eða er auðveldlega hægt að loka henni og fella starfsleyfi úr gildi?

14 Starfsleyfi urðunarstaðar rennur út 6. nóvember 2028

14.1 Framtíð urðunarstaðar

- Hver á framtíð urðunarstaðarins að vera eftir að nógildandi starfsleyfi rennur út?
- Er raunhæft að stefna að því að á urðunarstaðnum verði aðeins tekið við óvirkum úrgangi frá og með tiltekinni dagsetningu, t.d. 1.1.2029 eða 1.1.2032?

15 Jarðvegur á nokkrum stöðum er mengaður

15.1 Hreinsun á Stokksnesi

- Hvað er hægt að gera til að fyrirbyggja frekari mengun við Stokksnes og/eða til að hreinsa upp mengun sem þar er að finna?

15.2 Auðkenning miltisbrunagrafa

- Er þörf á að tilgreina miltisbrunagrafir með skýrari hætti í aðalskipulagi eða öðrum skjölum sveitarfélagsins?

15.3 Umhverfi olíubirgðastöðvar á Höfn

- Þarf að grípa til varnar- og/eða hreinsunaraðgerða við olíubirgðastöðina?

16 Upplýsingar vantar á vefsíðu

16.1 Endurbætur á vefsíðu

- Á vefsíðu þurfa að vera upplýsingar um innheimt gjöld og sundurliðun á raunkostnaði.

17 Auka mætti úrgangsforvarnir

17.1 Uppbygging innviða til úrgangsforvarna

- Væri ástæða til að skoða uppbyggingu innviða á borð við efnislager og viðhaldssmiðju og/eða styðja enn frekar við nytjamarkað?
-

UPPKAST